



HÚSASKJÓL Geðhjálpar hefur lista yfir 107 geðsjúka einstaklinga sem eiga í engin hús að venda.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Geðsjúkir bornir út vegna aðgerðaleysis

Ein birtingarmynd skeytingarleysis samfélagsins í garð geðsjúkra er að þeir eru bornir út af heimilum sínum eftir árekstra við nágranna. Framkvæmdastjóri Geðhjálpar þekkir dæmi um að geðsjúkir hafi svipt sig lífi í kjölfar útburðar.

SAMFÉLAGSMÁL „Það er stundað, grimmilega, að bera út fólk en leysir það einhvern vanda? Ég þekki sjálfur dæmi þess að fólk hefur verið borið út og það svipt sig lífi eða dáið drottni sínum,“ segir Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpar. „Það er óumdeilt að geðsjúkt fólk veldur vandamálum í nábyli við aðra en það er vegna þess að þessu fólki er ekki hjálpað.“

Húseigendafélaginu berast reglulega erindi vegna óþæginda og ónæðis af völdum geðsjúks fólks. Vandinn er mestur þar sem geðsjúkt fólk neytir fíkniefna. Stundum er um beina og jafnvel bráða hættu að ræða, að mati formanns Húseigendafélagsins.

Sveinn segir vandamálið skýrt í sínum huga. Ekki hafi tekist að framfylgja heildarstefnu í málefnum geðsjúkra og mikill skortur sé á samvinnu félagsmála- og heilbrigðisráðuneytis. Mikilvægt er að hans mati að stjórnvöld vinni

skipulegar að geðheilbrigðismálum. „Við verðum að setjast niður og taka á einstökum málum; hvaða greiningu



SVEINN MAGNÚSSON
Framkvæmdastjóri
Geðhjálpar.

fársjúka fólk í hel og hvaða afsökun höfum við? Við höfum bæði fjármagn og aðstöðu.“

Sigurður Helgi Guðjónsson, formaður Húseigendafélagsins, segir að reglulega berist erindi til félagsins vegna ónæðis af völdum geðsjúks fólks. „Stundum er um beina

og jafnvel bráða hættu að ræða,“ segir Sigurður. Samkvæmt fjöl-eignarhúsasögum er í alvarlegum tilvikum hægt að krefjast þess að viðkomandi flytji á brott og selji íbúð sína. Húsaleigulögin veiti einnig riftunar- og útburðarrétt við alvarleg brot leigjenda. „Skilyrði þessara úrræða eru oft fyrir hendi þegar um geðsjúka einstaklinga er að ræða en það er afar ógeðfellt að beita afgerandi lagaúrræðum gegn fjársjúku fólki. Þetta er heilbrigðisvandamál og samfélagslegt vandamál sem þjóðfélagið og hlutaðeigandi yfirvöld verða að taka á.“

Sveinn segir að þeir veikustu í hópi geðsjúkra séu tifandi tímasprengjur. „Þeir eru hættulegir sjálfum sér og öðrum af því að þeim hefur ekki verið sinnt vegna veikinda sinna. Þetta er birtingarmynd þessara sjúkdóma en ef geðsjúkir fá stuðning til sjálfshjálpar, þá er hægt að gera hér kraftaverk.“

svavar@frettabladid.is / sjá síðu 18

Haldið í heljargreipum

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur minnst tuttugu íbúðir í einbýli eða fjölbýli undir stöðugu eftirliti vegna óreglu og ónæðis. Íbúarnir eru langt leiddir vegna neyslu á áfengi og fíkniefnum. Nágrönnum er haldið í heljargreipum og aðstæður þeirra oft martraðarkenndar.

Dópgreni er hugtak sem er mörgum tamt. Þar er átt við húsnæði þar sem langt leiddir fíkniefnaneytendur hreiðra um sig í lengri eða skemmri tíma. Í Fréttablaðinu var nýlega sagt frá slíku húsnæði í miðbæ Reykjavíkur. Lýsingar á stöðugri fíkniefnaneyslu leigjanda og gesta hans, sölu fíkniefna og stanslausu ónæði eru dæmisaga en ekki einangrað tilfelli. Lögreglan hefur barist mánuðum saman við íbúana og gert fíkniefni, þýfi og vopn upptæk í sextán tilfellum.

Lögreglan vopnlaus?

Margir eru þeirrar skoðunar að lögreglan hafi ekki næg úrræði þegar kemur til þess að tryggja heimilisfrið borgaranna. Stefán Eiríksson lögreglustjóri segir það rétt að um mikinn vanda sé að ræða en barist verði gegn honum hvar sem hann kemur upp; annað sé uppgjöf. Hann segir að lögregla og borgaryfirvöld hafi ýmsar leiðir vegna mála sem þessara en yfirleitt sé fyrst reynt að ræða við viðkomandi eigendur eða leigjendur þeirra íbúða sem í hlut eiga hverju sinni. Einnig séu leiðir færar í krafti laga og lögreglusamþykktu en þó verði að gæta meðalhófs í því hvernig gengið er fram. Í mörgum tilfellum eru mál vegna ónæðis frá nágrönnum einnig leyst á grunni fjöleignarhúsaganna. Húsaleigulögin veita einnig riftunar- og útbúðarrétt við alvarleg brot leigjenda.



HÚSTAKA Mjög algengt er að vandamál komi upp í niðurmíddum byggingum þar sem húsnæðislausir fíkniefnaneytendur safnast saman. Það viðgengst þó einnig að dópgreni séu í einbýli með vitund eigenda, í fjölbýlishúsum og leiguhúsnæði á vegum borgarinnar. Myndin tengist ekki umfjölluninni sérstaklega. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn segir að aðstæða lögreglu sé erfið þar sem skýrar lagaheimildir þurfi að liggja fyrir til að gripð sé inn í. „Það er líka vandi okkar að þegar búið er að uppræta vandann á einum stað er það oftast en ekki svo að sama vandamál kemur upp annars staðar. Þá koma nöfn sama fólks upp aftur, bara í öðru heimilisfangi.“

Hvað er hægt að gera?

Sigurður Helgi Guðjónsson, formaður Húseigendafélagsins, hefur lengi talað máli þeirra sem þurfa að glíma við þá sem ganga fram með þeim hætti að þeir gera líf nágranna sinna óbærilegt. Hann bendir á að fjöleignarhúsalögin geymi í 55. grein sérstök og mjög afgerandi úrræði til handa húsfélagi og einstökum eigendum við gróf eða ítrekuð brot eigenda eða annarra íbúa húss. Segja lögin að ef hinn brotlegi láti ekki segjast við aðvör- un geti húsfélagið lagt bann við búsetu og dvöl hans í húsinu og gert honum að flytja og krafist þess að hann selji íbúð sína. Kröfu húsfélagsins verður yfirleitt að fylgja

MARTRAÐARKENNDAR AÐSTÆÐUR

„Líf íbúanna umturnast á augabragði úr rólegheitum og öryggi í martraðir í svefni og vöku. Gauragangur og öskur af ýmsum toga, hávær tónlist, rifrildi, læti, ráp og rennslí af drukknu og dópuðu fólki sem spillir svefnfriði fólks. Umgengni um sameign er herfileg, sóðaskapur yfiringilegur og skemmdarverk þar daglegt brauð. Geymslur brotnar upp og greipar látnar sópa. Lóðin eins og svínastía þar sem fólk gerir þarfar sínar sem og einnig í sameigninni innanhúss. Sifeldar uppákomur, slagsmál, nauðganir, lögreglurássur vegna fíkniefna og þýfis. Að ógleymdum íkveikjum af slysi eða ásetningi. Sprautur, nálar og pillur eins og hráviði í sameigninni og á lóðinni fyrir fótum barna.“

Þegar reynt er að tala við vand- ræðafólkið eða skrifa því bregst það ókvæða við og tekur góðlátlegum tilmælum sem árs á sig og sína og svarar með hótunum eða ofbeldi. Dæmi eru um líkamsmeiðingar og skemmdarverk á bilum og munum þeirra sem voga sér að kvarta. Oft þorir fólk ekki að kvarta og hringja á lögreglu af ótta við hermdaraðgerðir. Þannig hefur venjulegum fjölskyldum hreinlega verið í lengri og skemmri tíma haldið í gíslungu. Fólk lifir martraðarkenndu lífi í sífellnum ótta og þorir hvorki að æmta né skræmta og vonar að ástandið lagist með einhverjum hætti af sjálfu sér.“

Lýsing Sigurðar Helga Guðjónssonar sem byggð er á erindum til Húseigendafélagsins.

eftir með lögsókn eða nauðungar- sölu. Í mjög alvarlegum tilvikum getur húsfélag hugsanlega fengið sýslumann til að framfylgja slíkri ákvörðun, án þess að dómur hafi gengið.

Sjúklegt ástand

Lýsingarnar af þessum vanda eru gegnumgangandi þær sömu. Tilvikin og hryllingurinn eru ávallt með sama móti. Það er þó nauðsynlegt að hafa í huga að í mörgum tilvikum er fólkið sem veldur ónæðinu veikt á geði. Hegðun þess, sambýlishættir og viðbrögð vilja vera ýkt og ofsafengin. Oft er það ógnandi og vekur skelfingu sambýlisfólks og nágranna. Verst er þegar saman fara geðveiki og eiturylf.

Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálp, segir það óumdeilt að geðsjúkt fólk veldur vandamálum í nábýli við aðra. Hann segir því skiljanlegt að fólk leiti réttar síns og krefjist þess að slíkt fólk sé fjarlægð. Hins vegar sé vandamálið birtingarmynd djúpstæðara þjóðfélagsmeins. Ekki hafi tekist að framfylgja heildarstefnu í málefnum geðsjúkra og mikill skortur sé á samvinnu félagsmála- og heilbrigðisráðuneytis. Mikilvægt er að mati Sveins að stjórnvöld vinni skipulegar að geðheilbrigðismálum. „Eg þekki sjálfur dæmi þess að fólk hefur verið borið út og það svipt sig lífi eða dáíð drottinn sínum. Við erum að

þegja fársjúkt fólk í hel og hvaða afsökun höfum við?“ Sveinn segir að þeir veikustu í hópi geðsjúkra séu tifandi tímasprengjur. „Þeir eru hættulegir sjálfum sér og öðrum af því að þeim hefur ekki verið sinnt vegna veikinda sinna. Þetta er birtingarmynd þessara sjúkdóma, en ef geðsjúkir fá stuðning til sjálfshjálpar, þá er hægt að gera hér kraftaverk.“

Hústaka í neyð

Á það hefur verið benti í ræðu og riti að húsnæðislausum vímuefnaneytendum hafi fjölgað á undanföllum árum. Fólk flækist á milli húsa í reiðileysi og leitar að húsakjöli. Það er staðreynd að margt ungt fólk á aldrinum fimmtán til tuttugu ára er á götunni í dag og á hvergi höfði sínu að halla nema í húsnæði þar sem ógæfufólk safnast saman. Þetta er aðeins hluti vandans. Hann finnst í einbýli með vitund eigenda, fjölbýlishúsum og leiguhúsnæði á vegum Félagsbústaða, hlutafélags í eigu borgarinnar. Það þarf því aðkomu margra til að uppræta vandann; eða koma málum í eins skikkanlegt horf og mögulegt er.



FRÉTTASKYRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is